



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**Guðmundur Ómar Friðleifsson**

**JARDFRÆÐI LAUGARNESSVÆÐISINS  
Í REYKJAVÍK**

**Samvinnuverkefni Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar**

**OS-90035/JHD-07**

**Reykjavík, september 1990**



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 710001

**Guðmundur Ómar Friðleifsson**

## **JARÐFRÆÐI LAUGARNESSVÆÐISINS Í REYKJAVÍK**

**Samvinnuverkefni Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar**

**OS-90035/JHD-07**  
**Reykjavík, september 1990**

**Fjölfaldað í desember 1992**

**Tileinkað Þorsteini Thorsteinssyni.**

## ÁGRIP

Skýrsla þessi er gerð í framhaldi af úttekt á seltubreytingum í Laugarnessvæðinu, en þar hefur selta aukist í öllum vinnsluholum síðan dæling hófst úr svæðinu fyrir um 30 árum. Aukningin er mismikil í holunum og eru nokkrar vinnsluholur, þar sem aukningin er mest, ónothæfar vegna útfellinga í borholudælunum. Úttektin á seltubreytingunum í svæðinu fór fram á árunum 1987-88. Þar var reynt að skýra seltuaukninguna í ljósi fyrirliggjandi gagna um jarðfræði og vatnskerfi svæðisins. Til þess þurfti að endurskoða tiltæk jarðfræðigögn, sem langflest voru óbirt. Í ljós kom að jarðhitasvæðið virðist liggja innan sigdals sem hefur NV-SA-læga stefnu, hornrétt á gosbeltið. Kom sú niðurstaða nokkuð á óvart þar til löngu gleymt handrit af skýrslu um vatnshæðarmælingar í borholum á svæðinu fannst í fórum Hitaveitu Reykjavíkur. Í handritinu hafði Þorsteinn Thorsteinsson komist að svipaðari niðurstöðu 20 árum fyrr, eða rétt um það leyti sem umfangsmiklum borunum lauk á svæðinu. Skýr fylgni reyndist vera milli stefnu mesta niðurdráttar á vatnsborði og stefnu sigspildunnar.

Hér er reynt að ákvarða legu misgengja nákvæmlega, en þar veldur gagnaskortur nokkurri óvissu. Gögn um ummyndun styðja hins vegar þá hugmynd að stærsta misgengið, sem greint er, liggi NV-SA. Ungir NV-SA móbergshryggir vestur af Vífilsfelli stefna á sigdældina í Laugarnesi. Hugsanlega eru tengsl þar á milli. Ekki liggur fyrir einhlið skýring á sigspildunni. Allt eins er hugsanlegt að hana megi megi skýra sem norðlægan hlykk í annars NA-SV-lægu sprungustykki. Dæmi um slíksa sigspildu má t.d. finna í virka sprungubeltinu norður af Hengli. Hvort að slískir hlykkir eigi sér síðan skýringu í djúplægu norðvestlægu veikleikabelti verður látið liggja milli hluta hér, þó margt bendi til þess.

Nýleg ummyndun í Laugarneskerfinu sýnir fylgni við NV-SA stefnu, sem gæti bent til þess að sigdalurinn sé tiltölulega ungar jarðfræðilega. Sigspildan er a.m.k. um 0,5 km á breidd, og er mesta sig um 150 m suðvestan megin. Ætla má að sigspildan sé ein helsta orsök þess að nýtanlegt jarðhitakerfi er að finna á Laugarnessvæðinu.

Endurskoðun og túlkun allra borholugagna bendir til þess að grágrýtisdyngja leynist undir Laugardalnum á 200-500 m dýpi. Efsta vatnskerfið (A) á vinnslusvæðinu er í lekum hraunlöggum úr þeirri dyngju á nokkur hundruð metra dýpi. Jarðfræði berggrunns Reykjavíkur er lýst í heild sinni á grundvelli borholugagna, allt frá Seltjarnarnesi inn fyrir Elliðaár, og helstu jarðlagasyrpur tengdar við sambærilegar myndanir í Esju. Samkvæmt tengingunni er elsta bergið á 2 km dýpi undir Seltjarnarnesi tæplega 3 milljóna ára gamalt, en það yngsta undir Árbæjarhverfinu neðan grágrýtis og setlaga tæplega 2 milljóna ára gamalt. Seint á físold rufust mörg hundruð metrar af bergi ofan af Reykjavíkursvæðinu, sem síðan huldist setlögum og grágrýti seint á físoldinni fyrir a.m.k 200 þúsund árum.

Gerð var sérstök athugun á dreifingu laumontíts á Laugarnessvæðinu, en dreifing epidóts var kortlögð út frá fyrirliggjandi gögnum. Niðurstaða ummyndunarathugana styrkir þá jarðlagamýnd sem fengist hefur af Laugarnessvæðinu út frá svarfskoðun, en auk þess má lesa út úr ummynduninni áhugaverða sögu kólnunar á svæðinu sem vert væri að fylgja eftir. Í aðalatriðum felst hún í því að laumontít hætti að myndast en anhydrít og síðan skólesít tóku við. Þessi breytning bendir til að kæling um einhverja tugi gráða ( $^{\circ}\text{C}$ ) hafi orðið samfara skyndilegri seltuaukningu ofan 1 km dýpis í jarðhitakerfinu. Hugsanlegt er að sjór hafi komist niður í jarðhitakerfið í byrjun nútíma fyrir um 10.000 árum, en tímasetning er óviss (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1982, 1987). Jarðhitasöguna í heild er hins vegar ekki hægt að rekja vegna skorts á gögnum.

Laugarnessvæðið er á jaðrinum á krappri þyngdarhæð og segullægð. Hæðin á þyngdarkortinu er skýrð sem afleiðing innskota og ummyndunar í berggrunninum, en segullægðin sem afleiðing sterkrar öfugrar segulmögnunar sömu innskota og hraunastafla frá Matuyama segultísmabilinu nærrí yfirborði í Laugardalnum. Jarðhitasvæðin í Reykjavík eru nærrí suðurjaðri megineldstöðvar, sem merki sjást um í keilugöngum í Viðey og norðan við Kollafjörð og Ingvar B. Friðleifsson (1973) nefndi Kjalarnes II, með miðju á sundunum norðan Laugarness. Haukur Jóhannesson (1985) gerði syðri hluta hennar að sérstakri megineldstöð og nefndi hana Viðeyjareldstöð, og setti jafnframt fram tilgátu um öskju. Á mynd hans af öskjunni er NV-SA sigdældin á Laugarnessvæðinu við öskjubrotið suðvestanvert. Margt mælir gegn þessum hugmyndum Hauks um sérstaka megineldstöð og öskju og er fjallað um það í skýrslunni. Til dæmis er ekki fallist á þá hugmynd hans að Laugarnessvæðið sé innan við öskjurima og eru færð fyrir því ýmis rök. Skarpt kantfrávik á flugsegulkorti frá 1959 er t.d. skýrt með berggerðarmun undir Laugardalnum annars vegar og vinnslusvæðinu hins vegar. Kantfrávikið er 0,5 km austan við stóra misgengið í vestanverðu svæðinu, og óverulegur jarðlagahalli er fremur að því broti en frá, öfugt við það sem búast mætti við ef um öskjubrot væri að ræða. Eins gefur dýptardreifing háhitasteindarinnar epidóts til kynna að lághitasvæðin í Reykjavík séu við suðurjaðar gamla háhitasvæðisins í Kjalarnes II eldstöðinni en ekki við öskjurima Viðeyjareldstöðvar. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er vinnslusvæðið því talið vera í rúmlega 100 m djúpum norðvestlægum sigdal sem er yngri en háhitavirknin (2 milljóna ára), en eldri en Elliðavogssetið og Reykjavík-urgrágrýtið, þ.e. eldri en 200.000 ára og trúlega talsvert eldri.

## EFNISYFIRLIT

|  |    |
|--|----|
| ÁGRIP  | 3  |
| EFNISYFIRLIT   | 5  |
| MYNDASKRÁ  | 5  |
| 1. INNGANGUR   | 6  |
| 2. FYRRI RANNSÓKNIR  | 8  |
| 2.1 Jarðfræði og ummyndun  | 8  |
| 2.2 Forðafræði og jarðfræði                                      | 9  |
| 2.3 Aðrar rannsóknir og umræða                                   | 12 |
| 3. ENDURSKOÐUN GAGNA OG VIÐBÆTUR                                 | 15 |
| 4. JARÐFRÆÐI- OG JARÐHITASNIÐ AF REYKJAVÍK                       | 18 |
| 5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR  | 35 |
| 6. HEIMILDIR   | 37 |
| ENGLISH SUMMARY  | 40 |
| VIÐAUKI I. Skrá yfir borholur                                    | 43 |
| VIÐAUKI II. Jarðlagasyrpur f RV-1 til RV-22                      | 47 |
| VIÐAUKI III. Jarðlagasyrpur f Esju                               | 61 |
| TAFLA 1. Minnsta dýpi á laumontíti og epidóti á Laugarnessvæðinu | 22 |

## MYNDASKRÁ

|  |       |
|--|-------|
| 1. Staðsetning borhola og jarðlagasniða                                | 7     |
| 2. Gögn um misgengi og vatnsborð frá 1966/1967                         | 10    |
| 3. Jarðlagalíkan frá 1966  | 11    |
| 4. Misgengi/sprungur og móbergshryggir                                 | 19    |
| 5. Hugsanleg skurðlína stóra misgengisins                              | 20    |
| 6. Nokkrum RV-holum (númer) varpað inn á sprungukort af Hengilssvæðinu | 21    |
| 7. Dýptarkort af laumontíti í Reykjavík                                | 28    |
| 8. Dýptarkort af epidóti í Reykjavík                                   | 29    |
| 9. Jarðlagasnið A/ Hita- og ummyndunarsnið A                           | 30-31 |
| 10. Jarðlagasnið B/ Hita- og ummyndunarsnið B                          | 32-33 |
| 11. Jarðlagasnið C   | 34    |


## 1. INNGANGUR

Fyrstu boranir eftir heitu vatni á Laugarnessvæðinu hófust við Þvottalaugarnar á árunum 1928-30. Sjálfrennsli úr svæðinu jókst þá um 5 l/s og vatnshiti um 3°C. Um 1940 var borað aftur við Þvottalaugarnar og ein hola við Rauðará (Hola H-16). Aftur var svo tekið til við boranir með haglaborum á árunum 1954-1961 (H-17 til H-34) og þá vísða um svæðið. Boranir með Gufubornum hófust 1958. Lauk hann 22 holum fram til ársins 1963. Voru þær upphaflega auðkenndar G-1 til G-22 en síðar RV-1 til RV-22. Fyrstu áratugina var sjálfrennsli nýtt af svæðinu en djúpdælur voru fyrst teknar í notkun 1959. Loks voru svo dýpstu holur landsins, RV-34 og RV-35, boraðar með Gufubor og Jötni 1978-1979, og holur RV-38 og RV-40, 1982 og 1984. Í viðauka 1 er birt skrá yfir allar gömlu H-holurnar og svo RV-holurnar á Laugarnessvæðinu. Á mynd 1 er staðsetning borholanna sýnd.

Skýrslur eða greinar sem lýsa jarðfræði Laugarnessvæðisins í heild á grundvelli borholusniða hafa ekki verið birtar fram til þessa. Sú mynd sem lengst af hefur verið notuð til að lýsa jarðfræði þess birtist í grein Porsteins Thorsteinssonar og Jónasar Elíassonar (1970). Þar er birt eitt jarðlagasnið frá NV til SA þar sem aðgreindar eru nokkrar hallandi jarðlagasyrpur úr móbergi og basalti. Myndin var að mestu byggð á jarðlagasniðum af holum RV-1 til RV-22 og svo nokkrum H-holanna. Vatnsgæfum jarðlögum er þar skipt í þrjá flokka sem aðgreindir voru með bókstöfunum A, B og C. Vatnskerfi A er 100-120°C heitt á 250-650 m dýpi, vatnskerfi B 135°C heitt frá 730-1250 m dýpi og loks var vatnskerfi C sagt 146°C heitt, neðan við 2000 m dýpi á svæðinu. Jarðfræði- og jarðhitamynd þessi gefur í sjálfa sér ágæta mynd af berggrunni Reykjavíkur og hefur endurskoðun gagna ekki breytt henni í aðalatriðum. Hins vegar hefur komið í ljós að misgengi og sprungur, sem trúlega ráða mestu um að jarðhitasvæðið er yfirleitt til í núverandi mynd, hafa nær alveg glatast úr umræðunni um eðli lághitakerfisins, svo sem að neðan greinir. Eftir að ein aðalniðurstaða þessarar skýrslu um tilvist norðvestlægs sigdals langa eftir Laugarnessvæðinu var uppgötvuð, fannst í fórum Hitaveitu Reykjavíkur skýrsluhandrit eftir Porstein Thorsteinsson frá 1967. Þar er sigdalnum lýst í máli og í mynd að hluta. Af því tilefni er vel við hæfi að birta hér á prenti ágæta mynd úr handritinu (mynd 3) sem fallið hafði í gleymsku, og tileinka Porsteini Thorsteinssyni jafnframt þessa skýrslu.

Ástæða þess að farið var að rýna í gömul jarðfræðigögn tengdist vandamálum sem upp komu við vatnsvinnslu á Laugarnessvæðinu. Selta vatnsins hafði aukist svo í nokkrum borholum að hætta varð að nota þær vegna kalkútfellinga sem fylgja seltaukningunni. Reynt var að finna skyringu á seltubreytingunum og þá meðal annars með hliðsjón af vatnskerfum A, B og C og jarðfræðilískani af svæðinu. Sú athugun varð kveikjan að þessari skýrslu. Skýring fannst á seltuvandamálinu svo sem greint er frá í gagnaskýrslu Hitaveitu Reykjavíkur (1988). Seltaukningin stafar af sjávarmengun og er bundin við vatnskerfi A. Vatnsborðslækkun vegna heitavatnsvinnslu er frumorsök þessarar mengunar, en dreifing hennar innan svæðisins er háð því hvort vatnsæðar í holunum eru í vatnskerfi A eða ekki. Auk þess sést skýr fylgni milli legu ætlaðra misgengja í NV-SA stefnu sigdalsins og saltmengunar í borholum. Talið er að tefja megi fyrir saltmengun með því að steypa í gamlar borholur og fóðra vinnsluholur niður fyrir vatnskerfi A. Er það verk þegar hafið.

Í þessari skýrslu verður leitast við að skýra þá jarðfræðimynd, sem ræður aðstæðum á Laugarnessvæðinu.



**Mynd 1.** Staðsetning borhola og jarðlagasniða.

## 2. FYRRI RANNSÓKNIR

### 2.1 Jarðfræði og ummyndun

Engar jarðlagalýsingar eru til á elstu holunum, svarf og kjarnar löngu týnt og einungis slitur hafa fundist af ónákvæmum jarðlagasniðum (t.d. úr H-16). Sæmileg jarðlagasnið eru til af nokkrum yngri H-holanna, en engar jarðlagalýsingar. Lýsingar á jarðlögum í gömlu gufubors-holunum (RV-1 til RV-22) eru ekki til, en nákvæm jarðlagasnið, sem unnin voru af Þorsteini Thorsteinssyni, eru til af þeim öllum og eru sniðin varðveitt í örfáum ljósrituðum eintökum. Athugun sú sem hér er lýst byggir að stórum hluta á þeim sniðum. Þorsteinn tók saman jarðfræðigögnin og birti í grein með Jónasi Ælfassyni (1970). Í skýrslu um jarðhitarannsóknir á höfuðborgarsvæðinu (Jens Tómasson o.fl., 1977) er jarðfræðisnið Þorsteins og Jónasar frá 1970 birt ásamt stuttri lýsingu, en ekki minnst á hugsanleg misgengi.

Á árunum 1978 til 1979 voru boraðar tvær dýpstu jarhitaholur landsins, RV-34 (3085 m) og RV-35 (2857 m). Tilgangurinn með þeim var m.a. að kanna hversu gæft vatnskerfi C væri. Jarðlagasnið var gert af báðum holunum samtímis borun, en bráðabirgðaskýrslur um holurnar ekki teknar saman fyrr en 6 árum síðar (Árný E. Sveinbjörnsdóttir o.fl., 1985; Guðmundur Ó. Friðleifsson o.fl., 1985).

Næsta hola á Laugarnessvæðinu, RV-38, var boruð árið 1982 í 1488 m dýpi (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1982). Hún er rétt við holu RV-4. Yngsta holan, RV-40, var loks boruð 1984 rétt við gömlu Þvottalaugarnar þar sem fyrsta borholan var boruð 1928. Um hana hafa verið ritaðar nokkrar skýrslur (Guðmundur Ó. Friðleifsson o.fl., 1985; Helga Tulinius o.fl., 1984a; Jens Tómasson o.fl., 1984; Winai Yaowanoyothin, 1984). Í lokaskýrslu um holuna (Guðm. Ó. Friðleifsson o.fl., 1985) er mynd Þorsteins frá 1970 í aðalatriðum staðfest með jarðlagasniði frá vestri til austurs, frá RV-4, RV-38, RV-34, RV-35 til RV-40. Jarðlagahalli var metinn 6-7° til suðausturs, sem er í samræmi við jarðlagahalla kvartera berggrunnsins á yfirborði á Kjalarnei og austur af Reykjavík. Misgengi voru ekki aðgreind fremur en í mynd Þorsteins og Jónasar frá 1970. Helsta nýjung sem fékkst úr jarðlagagreiningu yngstu holanna fólst í greiningu á ísúrum og súrum jarðlögum neðan 1500 m dýpis, sem greindust með geislamælingum (gamma-mælingum) í borholunum. Ísúr og súr jarðlög finnast einnig á Elliðaárvæðinu og auðveldar það tengingu á milli svæða. Í eldri djúpu holunum á báðum svæðum höfðu ísúru löggin (basalt-andesít) yfirleitt verið greind sem dul-finkornótt, dökk þóleistlög, enda nær ógjörningur að greina á milli þessara berggerða í ummynduðu svarfi, nema með allnákvæmum bergfræðiathugunum.

Umyndun bergs á Laugarnessvæðinu hefur fengið öllu minni umfjöllun en ummyndun bergs á nálægum lághitasvæðum. Skyringar á því er trúlega að leita til þess, hve snemma á öldinni byrjað var að bora í Laugarnessvæðið. Þó eru til gagnlegar lýsingar á ummyndun í borholum RV-14 (sem kennd hefur verið við Fúlutjörn) og holu RV-4 við Náatún (Guðmundur E. Sigvaldason, 1966). Að þeim undanskildum voru ekki til aðrar upplýsingar um ummyndun í holum RV-1 til RV-22 nema um fyrsta fundarstað epidóts sem Þorsteinn Thorsteinsson merkti inn á jarðlagasniðin af holum RV-1 til RV-22. Lauslega var fjallað um ummyndun í holum RV-34 og RV-35. Vitneskja um þróun ummyndunnar á svæðinu (þ.e. sögu jarðhitakerfisins) byggist því að mestu á athugunum á holum RV-38 og RV-40 (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1982; Guðmundur Ó. Friðleifsson o.fl., 1985; Winai Yaowanoyothin, 1984). Gagnaskortur um dreifingu og þróun ummyndunnar á Laugarnessvæðinu háði úttekt þessari nokkuð. Bætt var úr brýnustu þörf með því að athuga hve djúpt var niður á fyrsta fundarstað laumontíts í flestum RV-holun-

um, og það ásamt dýpi á epidót notað til að leggja mat á sprungu- og brotasögu svæðisins.


## 2.2 Forðafræði og jarðfræði

Þorsteinn Thorsteinsson fylgdist um árabil með vatnsborðsbreytingum í borholum vegna vinnslu í Laugarnesi. Fyrstu gögnunum var safnað 1965-1966 og niðurstöður teknar saman í handriti dagsettu í apríl 1967. Þar er túlkun Þorsteins á jarðlögum og misgengjum í jarðlagastaflanum skýrt sett fram í máli og myndum, svo sem getið var í inngangi, auk þess sem greint er frá niðurstöðum vatnsborðsmælinganna á sama hátt. Í handritinu sýndi Þorsteinn þrjú stórr misgengi á Laugarnessvæðinu. Tvö stefna NV-SA og mynda 60-100 m djúpan sigdal með stefnu á jarðhitasvæðið við Elliðaár. Priðja misgengið stefnir nærri A-V. Við það er sig sunnan megin um 40-60 m. Premur árum síðar fengu misgengin það litla umfjöllun í grein Þorsteins og Jónasar Elfassonar (1970) að þau komu ekki til umræðu í greinum um jarðhitasvæðin í Reykjavík næstu two áratugina. Í grein Þorsteins og Jónasar (1970) er rætt um að jarðlagahalli sé heldur meiri á vestanverðu svæðinu (þ.e. milli hola RV-3, RV-2 og RV-6) en um miðbik þess og austanvert svæðið, auk þess sem svonefnd leiðarlög virtust jafnframta vera 25-125 m ofar í staflanum en svipuð lög í miðju og austanverðu svæðinu. Neðar á sömu síðu (bls. 1193) er þessu þannig lýst, en mynd eða kort fylgir ekki: *"Although the drilling area is too limited in areal extent to reveal a detailed structural picture of the three hydrothermal systems, existing data indicate a disruption of the continuity of the Laugarnes strata on two sides. Towards the southeast by a northwest striking fault system suspected from the attitude of key beds in wells G2, G3 and G6, and towards the east by Vatnagarðar intrusive and perhaps a system of northeast striking dip slip, strike faults."* "Á blaðsíðu 1199 er aftur minnst á misgengin í tengslum við vatnsborðslækkun á svæðinu, þar sem góð fylgni reyndist milli ætlaðs sigdals og vatnsborðslækkunarinnar. *"Tectonically, however, it disagrees with the surface geology of the Reykjavík region to the east, which is characterized by numerous northeast striking step faults".*

Samkvæmt samtali við Þorstein er ástæða þess að misgengin fengu ekki meiri umfjöllun á sínum tíma sú, að menn trúðu ekki um of á tilvist þeirra, þar sem stefnan var nær þvert á svæðislæga sprungu- og misgengjastefnu eins og að ofan greinir, auk þess sem nokkur vantrú var uppi um gæði svarfgreininga til sískra athugana á þeim tíma. Síðan hefur oftar en ekki komið í ljós að mörg lághitasvæði eru eimitt á skurðpunktum tveggja meginsprungustefna og er svo að sjá sem Laugarnessvæðið sé engin undantekning í því efni. Ekki er ósennilegt að NV-SA misgengin séu einmitt þær fyrirstöður sem beini heitum jarðvatnsstraumi upp á við til yfirborðs. Ef sú ályktun er rétt þá verðskulda ofangreind misgengi talsvert meiri athygli í umfjöllun um jarðhitasvæðið í Laugarnesi en verið hefur til þessa. NV-SA misgengin væru þannig frumorsök þess að lághitasvæðið í Laugarnesi er yfirleitt til í þeirri mynd sem við þekkjum í dag, sem heitt vatnsgæft svæði nærri yfirborði.


Á mynd 1 er sýnd staðsetning borhola í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, ásamt legu þeirra jarðlagasniða sem fjallað er um í þessari skýrslu. Á mynd 2 eru gögn frá Þorsteini Thorsteinssyni (1967) um legu misgengja á Laugernessvæðinu hins vegar dregin fram í dagsljósið og borin saman við kort af vatnsborðslækkun á svæðinu, sem mæld var 15. nóvember 1967 og birtist í grein Þorsteins og Jónasar (1970). Fylgni milli vatnsborðslækkunar og ætlaðra misgengja er auðsæ.

Mynd 3 er tekin óbreytt úr handriti Þorsteins frá 1967. Þar koma fram öll þau aðalatriði sem að ofan hafa verið rædd, þ.e. stefna misgengja og sigdalsins norðaustan megin og svo lega vatns-




Mynd 2. Gögn um misgengi og vatnsborð frá 1966/1967.

JARDHITASVÆÐI Í REYKJAVÍK  
JARÐLAGASKIPUN.



RAFORKUMÁLASTJÓRI  
1966 Þ



Mynd 3. Jarðlagalskan frá 1966.

kerfanna A, B og C. Vísað er til jarðlags sem kallað er dólerít á myndinni rétt neðan við 400 m dýpi. Í endurtúlkaðri mynd er myndun þessi kölluð dyngjuhraun. Ísúru jarðlögin sem getið var að ofan eru aðgreind sem lítið ummyndað basalt á mynd 3. Lengst til vinstri á myndinni eru vatnskerfin A, B og C aðgreind. Kerfi A nær frá 250-650 m dýpi. Vatnshiti er 110-120°C. Kerfi B nær frá 730-1250 m dýpi, og þar er vatn heldur heitara eða um 135°C. Vatnskerfi C var svo skilgreint neðan við 2150 m dýpi þar sem vatnshiti var 146°C. Allar holar á svæðinu lento í vatnsæðum í A. Allar nema tvær (RV-17 og H-27) skáru vatnsæðar í B, en einungis ein hola (RV-4) hitti í vatnsæð í C. Heildarvatnstakan skiptist í 18%, 80% og 2% milli vatnskerfa A, B og C (Porsteinn Thorsteinsson og Jónas Elfasson, 1970).

Fram til 1962 var heita vatnið nær allt fengið úr sjálfrennandi borholunum, en fyrsta borholudælan var tekin í notkun 1959. Vatnstaka var mismikil eftir árstíðum frá 1962 til 1963, eins og æ síðan, en niðurdráttar fór strax að gæta eftir að byrjað var að dæla úr holunum. Öllu vatni hefur verið dælt úr holunum síðan 1967. Vatnshæð í byrjun er metin hafa verið um 70 m yfir sjávarmáli en í dag fer vatnsborð 60-70 m niður fyrir sjávarmál þegar mestu er dælt. Niðurdráttur er því um 130 m. Skýr NV-SA stefna á vatnsborðslækkun kom fram strax og reglulegar mælingar hófust eins og sýnt er á mynd 2 (Porsteinn Thorsteinsson, 1967; Porsteinn Thorsteinsson og Jónas Elfasson, 1970). Síðar var líkt eftir svörun jarðhitakerfisins við vinnslu með reiknilfskónum í þeim tilgangi að sjá fyrir hvort nauðsyn sé á breytingu á vatnstökuaðferð í næstu framtíð. Vatnsleiðni, geymslu- og lektarstuðlar jarðhitakerfisins voru ákvarðaðir með því að aðlaga forðafræðireikninga að mældum vatnsborðsbreytingum. Í ljós kom að góð samsvörun milli mælinga og reikninga fæst því aðeins að lekt svæðisins sé breytileg eftir stefnum. Mældur niðurdráttur í borholum og reiknuð gildi fyrir vatnsleiðni, geymslu- og lektarstuðla eiga það öll sammerkt að stefna NV-SA (Snorri P. Kjaran, 1986), eins og mynd 2 gefur til kynna. Það má því e.t.v. segja að Snorri hafi leitað langt yfir skammt í leit að ráðandi vatnleiðnistefnu með því að skoða hitastigulskort og mjög svo gróft þyngdarkort frá 1954 (Trausti Einarsson, 1954) í stað þess að beina sjónum að sigdal Þorsteins frá 1967. Sýnir það e.t.v. best hversu sigdalurinn gleymdist gjörsamlega í allri umfjöllun um Laugarnessvæðið eftir 1970.

### 2.3 Aðrar rannsóknir og umræða

Af öðrum rannsóknum er varða Laugarnessvæðið ber helst að geta ýmissa jarðeðlifráðilegra mælinga. Má þar nefna hitastigulskort, segulkort og þyngdarkort sem miklu hafa ræðið í allri umræðu um eðli jarðhitavæðanna í Reykjavík fram til þessa. Leitast var við að ná í sem mest af haldbærum upplýsingum út úr jarðeðlisfræðigögnum til samanburðar við jarðfræðigögnin. Fékk ég þá m.a. Ólaf G. Flóvenz til að tölvuteikna nýjustu gögn um segul- og þyngdaranómálfur af Reykjavík og nágrenni. Nýju þyngdar- og segulkortin, eins og hin gömlu, líða hins vegar helst fyrir það, að mati Ólafs, hve langt er á milli mælipunkta, sem veldur því að nálgun að jafnþyngdar- og jafnsegullínunum er gróf. Því er ljóst að kortin staðfesta hvorki né hafna fyrirbæri eins og þeim sigdal sem hér er til umfjöllunnar. Til dæmis má nefna að engir mælipunktar eru til yfir sjó frá Laugarnesi upp á Kjalarsnes. Stærð og lögun þyngdaranómála gæti því breyst verulega ef mælipunktum væri fjölgæð. Þannig gæti hæðarhryggur í þyngdarkortinu milli Laugarness og Kjalarsness orðið að tveim hæðarbungum með dal á milli, ef meira yrði mælt. Sem stendur er net mælipunkta einfaldlega ekki nógu þétt til að sjá fínni drætti í jarðfræðimyndinni. Þyngdarhryggurinn hefur þó jafnan verið talinn tengjast miklu magni innskota í megineldstöð, en segullægðin afleiðing sterkrar öfugrar segulmögnunnar sömu innskota. Ekki er óeðlilegt að þyngdarhryggurinn liggi þvert á svæðislæga ganga-, misgenga- og sprungustefnu, ef miðsvæði

eldstöðvarinnar hefði færst í stuttum skrefum til suðausturs með tíma, svipað og Hengilssvæðið er túlkað í dag frá Hveragerði að Hengli. Varðandi Laugarnessvæðið sérstaklega sést þó ekki tiltakanlega mikið af innskotum í borholunum, enda er vinnslusvæðið utan við jaðar þyngdarhæðarinnar eins og vikið er að sínar. Ingvar B. Friðleifsson (1973; og í Jens Tómasson o.fl. 1977) skýrði mynstrið með samsíkingu við Síamska tvíbura, þar sem Kjarnes og svæðið norður af Viðey væru sitt hvor miðjan í samvaxinni eldstöð sem nefna má Kjarnes I og II. Kjarnes I vestan megin væri því einskonar forveri Kjarnes II austan við, svipað og megineldstöðin í Hveragerði er forveri megineldstöðvarinnar í Hengli.

Haukur Jóhannesson (1985) setur fram hugmynd um að sérstök eldstöð sé í syðri hluta Kjarnes II og nefndi hana Viðeyjareldstöð, og setti jafnframt fram tilgátu um öskju. Viðey er þar inni í sigkatli eða öskju, og öskjurima dregur hann eftir flugsegulmælingum frá Hunting Survey Corporation Limited (1963) og svo eftir samanburði á jarðlagasniðum í borholum utan og innan við ætlaðan öskjurima (Haukur Jóhannesson, 1985), væntanlega eftir jarðlagasniðum Porsteins Thorsteinssonar eða handriti hans án þess að vísað sé til þeirra heimilda. Leitað var umsagnar Karls Gunnarssonar jarðeðlisfræðings um ofangreint flugsegulkort. Á því segist hann sjá greinilegt kantfrávik sem liggar út Laugardalinn með stefnu  $17^{\circ}$  vestan við norður, og endar eða truflast austan við Engey. Svipuð stefna og einkenni á segulsviðinu finnast á spildu frá þessum kanti austur að Gufunesi. Frávikið í Laugardalnum mætti túlka sem misgengi eða kant á vel afmörkuðu innskotasvæði. Bergið austan við er sterkt öfugt segulmagnað, a.m.k. í samanburði við bergið vestan við. Hámarksdýpi á segulskrokkinn metið með "straight-slope" aðferð er um 300 m neðan flughæðar eða um 150 m undir yfirborði lands í Laugardalnum. Karl álstur að flugsegulkort þetta sé eitt það hentugasta til túlkunar á strúktúr sem gert hefur verið á Íslandi. Flughæð er hæfileg, mæling nákvæm, línrur þéttar og nokkuð nákvæmlega staðsettar (Karl Gunnarsson skrifl. uppl.).

Ofangreint kantfrávik er um 0,5-1 km km austan við stóra norðvestlæga misgengið sem er undir grágrýti og seti nærrí gatnamótum Náratúns og Skipholts. Það misgengi gæti verið samsíða kantfráviku (sjá sínar), og eins Fúlutjarnarmisgengi Porsteins Thorsteinssonar (sjá myndir 2 og 3) en það misgengi afmarkar sigspilduna til austurs. Fúlutjarnarmisgengið er nánast í eða rétt vestan við kantfrávikið. Það er því ekki hægt að tengja kantfrávikið og vestara misgengið saman og þar með falla þau rök sem gætu mælt með öskjuhugmynd Hauks frá 1985, a.m.k. hvað vinnslusvæðið í Laugarnesi varðar. Kantfrávikið er einfaldlega austan við vinnslusvæðið.

Allir eru sammála um að umtalsverður innskotahéttileiki í Viðey og undir Laugarnesinu skýri þyngdarfrávikið. Í því sambandi má vísa til holu RV-40 í Laugardalnum sem er um 0,5 km austan við segulkantfrávikið. Þar eru hraunlög og innskot ráðandi berggerðir í efstu 500 m holunnar, þar af var túlkað innskot á bilinu 200-450 m (Guðm.Ó. Friðleifsson o.fl., 1985) (sjá þó sínar). Jafnframt var það ein af niðurstöðum sömu skýrslu að efri hluti holu RV-40 væri all frábrugðinn efri hluta holna á vestursvæðinu þar sem móbergsmýndanir voru mun þykkari, sem etv. mátti skýra með innskotinu. Á miðju vinnslusvæðinu ná setlög og móbergsmýndanir frá yfirborði niður á 200-300 m (sjá myndir aftar). Það blasir því við að öfugt segulmögnuð jarðög og innskot nærrí yfirborði austan við vinnslusvæðið skýra kantfrávikið, og verður vikið að því sínar.

Í ljósi þess sem að ofan er sagt og að neðan greinir hefur mér reynst erfitt að sjá ástæðu þess að taka hluta af Kjarneseldstöð II og gera að sérstakri megineldstöð. Með þeirri hugmynd er stórt innskot í Þverfelli og keilugangasveimur norðan Sundanna slitin úr samhengi við eldstöðvar-

miðju. Á margumræddu flugsegulkorti frá Huntings má t.d. sjá krappa segullægð yfir Þverfellsinnskotinu og sveigir hún til norðausturs innundir Esju. Þverfellsinnskotinu sjálfu hallar hins vegar niður til suðvesturs innundir Sundin. Ef sú vitneskja væri t.d. yfirfærð beint á sveigðar segullægðir umhverfis Viðey myndi innskotum þar ekki halla innundir ætlaða miðju Viðeyjaröskju heldur útundan henni til vesturs og norðvesturs. Eins er það nokkur galli á öskjughugmynd Hauks Jóhannessonar (1985) að ekki skuli sjást nein öskjubrot í gamla berggrunninum suður af Leirvogi á þeim eina stað á svæðinu þar sem þau gætu þó sést á yfirborði.

Að lokum má svo geta hér nýlegs rannsóknarverkefnis sem Vísindasjóður styrkti og Freyr Þórarinsson sá um. Verkefnið fólst í rannsókn og þróun tölvuvinnslu jarðeðlisfræðilegra gagna með nýrri aðferð stefnugreiningar og stefnusfunar. Ekki verður reynt að leggja mat á notagildi gagnaúrvinnslunnar hér, en þess má geta til fróðleiks að með beitingu slískrar úrvinnslu fæst bæði segullægð og þyngdarhæð í sömu stefnu og sigspildan á Laugarnessvæðinu er ætluð hafa, þ.e. NV-SA, þvert á gosbeltið (OSSI, 1989). Í ljósi þess sem að ofan er sagt um þéttleika mælipunkta verður ekki fjölyrt um samsvörurnina frekar. Þessum aðferðum hefur ekki verið beitt á segulkort Huntings frá 1959.

### 3. ENDURSKOÐUN GAGNA OG VIÐBAETUR

Þegar úttekt var gerð á seltubreytingum í Laugarnessvæðinu og orsökum þeirra 1987 var byrjað á því að skoða gömul gögn um H-holurnar. Í ljós kom að nákvæm snið á löngum strímlum voru til um holur H-22 (160-260 m), H-23 (120-300 m), H-26 (0-300 m) og H-27 (0-400 m). Handlitað jarðlagasnið af sömu holum ásamt holum H-24, H-25, H-28, H-29 og H-30 fannst líka, en án jarðlagaskýringa. Búinn var til greiningarlykill fyrir jarðlagasniðið og það nýtt til hins ýtrasta. Loks fundust þrjú handlituð jarðlagasnið, merkt með fangamarkinu G.B., af holum H-5, H-16 og H-17 eða H-19. Þau eru bæði ónákvæmari en hin fyrri og skýringalaus, og enn þurfti því að bregða til túlkunar á litum, og er skýrt frá þessu í gagnaskýrslu Hitaveitu Reykjavíkur (1988). Hugsanlegt er að fleiri jarðlagasnið af gömlu holunum kunni að leynast í geymslum í Reykjavík, og mættu þau gjarnan komast til Hitaveitu Reykjavíkur í varðveislu, ef finnast. Borsvarf og kjarnar úr H-holunum eru löngu glataðir og endurgreining á holunum því ekki möguleg. Er það nokkuð bagalegt, einkum hvað holu H-16 við Rauðarárstíg varðar. Spurningin er hvort stærsta misgengið í Reykjavík liggar norðan eða sunnan við holuna. Veik vísrending af litasniðinu bendir til að misgengið liggi sunnan við holuna, og er reiknað með að svo sé. Velt var vöngum yfir því hvort jarðeðlisfræðilegar mælingar í borholunni gætu hjálpað upp á sakirnar. Lagt er til að slíkar mælingar verði gerðar. Þar sem nákvæm gögn skortir um holu H-16 verður að skilja við þessa skýrslu með óvissu um endanlega staðsetningu misgengisins. Á mynd 2 hefur Þorsteinn Thorsteinsson dregið misgengið rétt norðan við holu H-16, en ástæðan fyrir því er fallin í gleymsku, að sögn Þorsteins.

Farið var vandlega yfir jarðlagasnið Þorsteins af holum RV-1 til RV-22. Sniðin eru nákvæm en bjóða skoðanda þó oft upp á að velja berggerðarheiði. Hlutfallslegt magn nokkurra berggerða er þannig sýnt á sama dýpi í sniðunum, og var það gert vegna blöndunar svarfs á leið upp holuna í borun. Tiltölulega auðvelt er að túlka jarðlagasniðin og draga saman helstu berggerðir til að nota við gerð einfaldaðra jarðlagasniða. Niðurstaðan er birt í Viðauka 2, og svo á jarðlagasniðnum, sem vikið er að síðar.

Upplýsingar um jarðög í holum RV-34, RV-35, RV-38 og RV-40 voru sóttar beint í skýrslur um holurnar, og framsetning gagnanna samræmd eftir bestu getu. Að undanskildum efstu jarðlögunum (Reykjavískurgrágrýtinu og Elliðavogsssetinu) var jarðögum skipt í fjóra flokka: 1) Móberg, 2) Basalthraun, 3) Dyngjuhraun og 4) Ísúr og súr jarðög. Handteiknuð voru mörg jarðlagasnið og handteikning fjögurra þeirra birt í gagnaskýrslu hitaveitunnar (1988).

Það markverðasta sem kom út úr endurtúlkun gagnanna var fyrst og fremst tvennt. Annars vegar kom í ljós 100-200 m djúp sigdæld á Laugarnessvæðinu, sem stefnir NV-SA í átt að Elliðaárvæðinu, og hins vegar grágrýtisdyngja sem leyndist á nokkur hundruð metra dýpi undir Laugarnessvæðinu, þykust undir Laugardalnum (hola RV-40). Grágrýtisdyngjan myndaðist á hlýskeiði á fsöld og samanstendur af nokkrum grófkornóttum lekum hraunlögum, sem eru hluti af vatnskerfi A, sem áður er getið. Í eldri gögnum eru þessi dyngjuhraun ýmist kölluð dólerít, díabas eða grófkornótt basaltlög. Nú eru tvær fyrri nafngiftirnar eingöngu notaðar um innskotsberg, en höfðu viðtækari merkingu áður fyrr. Vandi er að greina á milli grófkorna dyngjuhrauna og basaltinnskota í borsvarfi og því óhákvæmilegt annað en að berggerðaheiði hafi verið önnur á fyrstu tfö svarfgreininga á landinu en nú. Þannig féll höfundur þessarar skýrslu í þá gryfju með samstarfsmönnum að ofmeta magn grófkorna innskota í holu RV-40 í Laugardalnum. Endurskoðun á svarfinu og samanburður við möluð svarfsýni úr grágrýtisdyngjum á Reykjanesi sýndi að stór hluti af grófkornóttu basalti gat allt eins verið dyngjuhraun.

Þegar ofangreindar niðurstöður lágu fyrir var ákveðið að yfirfara gögnin betur og leita að hugsanlegum veikleikum í jarðfræðimyndinni. Það var gert með endurgreiningu á borsvarfi úr Laugarnesholunum eftir því sem tilefni var, athugun á því hvort dyngjan og sigdalurinn kynnu að finnast á Elliðaárvæðinu þar sem líka þurfti að taka jarðlagagögn saman að nokkru leiti og endurgreina til samræmis, og loks með athugun á ummyndun bergsins í þeim tilgangi að sjá hvort fylgni væri milli ætlaðra misgengja og ummyndunar.

Endurgreining á völdum köflum úr gömlu RV-holunum á Laugarnessvæðinu og á Elliðaárvæðinu gáfu ekki tilefni til að vantreysta jarðlagagreiningum Þorsteins Thorsteinssonar eða Jens Tómassonar, sem tók við svarfgreiningum af Þorsteini þegar boranir hófust á Elliðaárvæðinu. Heiti einstakra jarðlagamyndana tók þó minni háttar breytingum, svo sem endurtúlkun á ætlaðri grágrýtisdyngju sem hér er talin ná til veststuðu borholanna á Elliðaárvæðinu, og svo endurtúlkun á basaltrískum breksfum sem ýmist geta tilheyrta glerrískum hraunum eða bólstrabergsmyndunum. Við slíkar aðstæður er óhjákvæmlegt að endurskoða þurfi fyrri túlkun, eftir því sem borholum fjölgar á viðkomandi borsvæði. Gögn um allar borholur á Elliðaárvæðinu eru til ásamt með jarðlagalýsingum og ummyndunargreiningum, sem gerði samanburð mögulegan. Tekið var tillit til allflestra birtra gagna um jarðlög og ummyndun á Elliðaárvæðinu (Jens Tómasson, 1988; Jens Tómasson og Hrefna Kristmannsdóttir, 1974; Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson, 1981; Jens Tómasson o.fl., 1975, 1977; Ómar Bjarki Smárason o.fl., 1984a,b, 1985,a,b,c, 1988; Helga Tulinius o.fl., 1984b, 1986).

Gögn um jarðhitasvæðið undir Seltjarnarnesi eru mjög aðgengileg og auðveldar það samanburð milli svæða (Jens Tómasson o.fl., 1975, 1977; Hrefna Kristmannsdóttir, 1983; Árný E. Sveinbjörnsdóttir, óbirt jarðlagagreining úr holu SN-6; Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Jens Tómasson, 1984; Svanbjörg H. Haraldsdóttir, 1984a,b; Helga Tulinius o.fl., 1987). Gögn um jarðlög, ummyndun og berghita voru tínd til úr ofangreindum heimildum og nýtt við gerð jarðlagasniðs langa eftir Reykjavík frá austri til vesturs.

Sem fyrr segir var tiltölulega auðvelt að finna gögn um dreifingu epidóts á Laugernessvæðinu. Tilgangurinn með því var að sjá hvort fylgni væri milli dýpis á epidót og legu ætlaðra misgengja. Rannsóknir á útkulnuðum háhitasvæðum sýna að grynnra er á epidót við öskjujaðra en utan og innan öskjubrotanna (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1983). Stafar það af góðri lekt næst öskjurimum samtímis því sem háhitakerfi eru hvað virkust. Heitt vatn leitar upp með brotabeltunum og stjórnar suðuferrillinn vatnshitanum upp til yfirborðs. Ef grynnst væri á epidót í holunum sem eru næst stóra norðvestlæga misgenginu myndi það styðja við hugmyndina um að misgengið væri öskjubrot. Ef engin fylgni sæist bent í hins gagnstæða.

Svipað gildir um dreifingu laumontíts. Fylgni milli dýpis á laumontít og legu misgengja gæti bent til að samband sé á milli í þá veru að heitt vatn leiti eða hafi leitað upp eftir misgengjunum. Laumontít er talið myndast á hitabilinu  $120^{\circ}\text{C}$  til  $180^{\circ}\text{C}$  (Hrefna Kristmannsdóttir og Jens Tómasson, 1978). Laumontít er því einkar áhugavert því hiti í Laugernessvæðinu er það hár að laumontít er enn að myndast neðan 1000 m dýpis á vinnslusvæðinu. Ofan 1000 m dýpis virðist skyndileg innrás kalds sjávarvatns í lok ísaldar hafa bundið enda á myndun laumontíts í sprungum (sjá síðar), en sá atburður skiptir engu máli í sambandi við aldur misgengjanna því þau er í öllu falli eldri en grágrýtið (þ.e. eldri en 200 þúsund ára). Ef fylgni sést hins vegar milli misgengjanna og laumontíts, en ekki epidóts, gefur það aldur misgengjanna óbeint til kynna, og væru misgengin þá tiltölulega ung. Jafnframt gæti fengist mat á það hversu miklir áhrifavaldar misgengin væru um dreifingu jarðhitans.

Gögn um dreifingu laumontíts á Laugarnessvæðinu þurfti að vinna frá grunni í öllum holum nema RV-38 og RV-40. Var það einkar tímafrek vinna þar sem svarfsýnin úr holum RV-1 til RV-22 voru öll í svarfdósum. Frá og með holu RV-23 á Elliðaárvæðinu hefur svarf úr öllum jarðhitaholum landsins verið límt upp á spjöld, sem er til mikils hagræðis við fljótheita athuganir og hvers kyns samanburð á milli borhola. Laumontít er auðgreind steind, staflaga og svo lin að mylja má milli fingra. Á Reykjavískursvæðinu kemur hún fyrir í tvenns konar formi (skv. Jens Tómassyni o.fl. 1977, bls 37-38), annars vegar í blaðlaga mjólkurlituðum, fínkorna útfellingamassa og hins vegar í löngum stangarlaga möttum kristalklösum. Sú fyrri finnst undantekningarlaust ofan til í holunum. Þar sem engar þunnsneiðar eru til af svarfi úr holum RV-1 til RV-22 voru gerðar nokkrar röntgengreiningar á fínkorna, linum, hvítum útfellingaklösum úr nokkrum holum (RV-1, RV-8, RV-12 og RV-34) í þeim tilgangi að fullvissa sig um að þar væri laumontít á ferðinni en ekki aðrir zeðlitar eða kísilútfellingar (opall). Niðurstaðan var ótvíráett sú að um laumontít var að ræða, enda auðgreint í borsvarfi á lit og hörku.


Í töflu 1 er birt yfirlit um minnsta dýpi á laumontít og epidót. Taflan skýrir sig að mestu sjálf. Laumontít kemur nær eingöngu fyrir sem sprungufylling næst yfirborði, og þá oftast í örlitlu magni í svarfsýnunum. 100 til 200 m neðar eykst magn þess umtalsvert, er steindin verður algeng holu- og sprungufylling (sjá t.d. athugasemd með RV-15). Í mörgum tilvikum eru nokkrir tugir metra á milli fyrsta fundarstaðar og þess næsta svo sem fram kemur í töflunni.

Engin tök voru á því að kanna dreifingu annarra steinda en epidóts og laumontíts á Laugarnessvæðinu. Ljóst var að gagnasöfnun yrði umfangsmeiri en tíminn leyfði og bæði yrði að notast við smásjár- og röntgengreiningar, auk svarfgreininga. Æskilegt væri að dreifing annarra ummyndunarsteinda yrði könnuð áður en langt um líður. Til dæmis hefur komið í ljós að dreifing lághitazeðlita í holum RV-38 og RV-40 er í samræmi við núverandi hita á svæðinu. Jafnfram bendir nákvæm greining á ummynduninni í sömu holum til þess að jarðhitakerfið hafi snöggkólnað ekki alls fyrir löngu, er kaldur sjór komst niður í vatnsleðara A og B. Kólnunin sést á því að laumontít hætti að myndast í opnum sprungum, myndun anhydrits tók við og sfoan myndun lághitazeðlitsins skólessts, sem fyllti sprungurnar (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1982). Steindin anhydrit er ekki í jafnvægi í jarðhitakerfinu í dag og myndast nær eingöngu í saltara vatni við svipað hitastig og nú rkir á Laugarnessvæðinu. Leiddar voru líkur að því að innrás salta vatnsins hafi gerst nærri ísaldarlokum fyrir u.þ.b. 10.000 árum (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1987). Ýtarleg athugun og könnun á útbreiðslu þessarar fyrri kólnunar og seltuaukningar gæti komið að gagni við mat á framvindu seltuvandamálsins sem nú veldur vandræðum við nýtingu vatns úr Laugarnessvæðinu.


## 4. JARÐFRÆÐI- OG JARÐHITASNIÐ AF REYKJAVÍK

Á mynd 1 er sýnd staðsetning flestra borhola í Reykjavík og lega þeirra jarðlagasniða sem fjall-að er um hér að neðan. Áður en til þess kemur er rétt að skoða ætlaða misgengjastefnu aðeins nánar. Svo sem fram kom í grein Þorsteins Thorsteinssonar og Jónasar Elfassonar (1970) var nokkur vantrú uppi á sínum tíma á að NV-SA misgengi á Laugarnessvæðinu ættu við rök að styðjast. Sé nú misgengislína sem liggur sunnan holu H-16, norðan holu RV-3 og sunnan við holu RV-34 (sjá mynd 1) framlengd sem bein lína í austurátt sést að línan lendir rétt sunnan við og samsíða Sandfelli og Rjúpnadalahnúkum, upp af Rjúpnadöllum á Bláfjallaleiðinni (mynd 4). Annar NV-SA móbergshryggur er litlu norðar á línu eftir Arnarþúfum upp á kollinn á Vífilsfelli og á Sauðdalahnúkum. Móbergshryggur þessi gaus á sfðasta kuldaskeiði ísaldar (yngri en 100.000 ára) og liggur mislægur ofan á NA-SV móbergshrygg sem nær suður fyrir Bláfjöll. Aldur NV-SA móbergshryggjanna bendir til að djúplægt NV-SA sprungubelti sem óhjákvæmilega fæddi goshryggina, hafi myndast tiltölulega nýlega jarðfræðilega séð. Ef bein lína er dregin frá Vífilsfelli um Arnarþúfur til Reykjavíkur, þá liggur skurðpunktur línnunnar um Grafarholt og út sundið rétt sunnan Viðeyjar. Ef einhvert samband er þarna á milli, sem er alls ekki gefið, gæti það bent til þess að sigspildan undir Laugarnesinu væri nærrí 4 km breið. Eins má benda á að NA-SV móbergshryggirnir frá Vífilsfelli austur í Stóra Meitil eru endasleppir til norðurs um nokkurn vegin sömu NV-SA stefnuna. Freistandi er að álykta að sigspilden í Laugarnesinu og þverhryggirnir eigi sér sameiginlega skýringu í djúplægu veikleika- eða sprungubelti í jarðskorpunni í NV-SA stefnu. Endurteknar jarðskorpuhreyfingar á slíkri brotalöm myndu óhjákvæmilega skapa ákjósanleg skilyrði fyrir volgt og heitt vatn og virka sem einskonar jarðhitagilda. NV-SA sprungubeltið yrði þannig frumorsök þess að nýtanlegt jarðhitavatn leynist undir Laugarnesinu. Ekki eru það þó ýkja jarðfræðileg vinnubrögð að draga þráðbeinar línu milli fjarlægra stað því misgengi og sprungur vilja gjarnan sveigja eða hliðrast til. Til dæmis lendir beina línan frá Laugarnesi í Rjúpnadalahædir á milli holu K-1 og hinna holanna á Elliðaárvæðinu. Leitað var sérstaklega að því með endurgreingu á holum K-1 og RV-25 hvort möguleiki væri á að stórt misgengi lægi á milli þeirra, en svo reyndist ekki vera. Eins lsklegt er að NV-SA misgengið nái ekki inn á Elliðaárvæðið eða sé sunnan við holu K-1 undir Breiðholtsmýrinni. Má í því sambandi minnast Breiðholtsvolgra sem eru löngu horfnar, en þær lágu þó í norðlæga stefnu. Ef misgengislínan sem Þorsteinn teiknaði (mynd 2) væri t.d. framlengd austur lenti hún rétt sunnan við holu K-1. Ekki fæst hins vegar úr því skorið hér hvort misgengið í Laugarnesi nái til Elliðaárvæðisins.


Eins og getið var um í undirkafla 2.2 og kafla 3 þá eru jarðfræðigögn úr holu H-16 við Rauðará svo bágborin að ekki fæst úr því skorið hvort misgengið liggur norðan eða sunnan við holuna. Hins vegar er ljóst eins og fram kemur á jarðlagasniðunum síðar, að stóra misgengið liggur á milli hola RV-3 og RV-4 annars vegar, og hola RV-6 og RV-34 hins vegar. Eins er ljóst að hola RV-1 er innan sigspildunnar. Ef að hola H-16 væri utan við sigspilduna þá gæti misgengislínan legið einhvers staðar á þeim geira sem sýndur er á mynd 5, sem sýnir mestu mögulegu skekkjumörk á legu misgengisins út frá borholugögnum. Ekki fæst úr því skorið með vissu hvar misgengið liggur nákvæmlega. Æskilegt væri að athuga hvort mælingar í holu H-16 gætu minnkað óvissuna. Hér verður gert ráð fyrir að misgengið liggi rétt sunnan við holuna (sbr. kafla 3), um Skúlatorg, vestur í mynni Reykjavíkurhafnar í stefnu á Akurey.



**Mynd 4. Misgengi/sprungur og móbergshryggir.**



**Mynd 5.** Skekkjumörk á legu NV-læga misgengisins.



**Mynd 6.** Nokkrum RV-holum (númer) varpað inn á sprungukort af Hengilssvæðinu.

Í ljósi framangreindra skekkjumarka þá er hugsanlegt að skýra megi sigdalinn með tilvísun til hliðstæðu í virka gosbeltinu. Suður af Hestvík í Þingvallavatni (mynd 6) má t.d. sjá áberandi norðlæga sveigju á misgengjum í Hengilssprungusveimnum (Knútur Árnason o.fl., 1986). Hún afmarkar sigspildu af hliðstæðri stærð og vinnslusvæðið í Laugarnessvæðinu eins og best sést með því að varpa nokkrum RV-holum inn á sprungukortið. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna fæst þó ekki úr því skorið hvort sigdalurinn á Laugarnessvæðinu er af svipuðum toga spunnið í sprungusveim suður úr Kjalarsnes II eldstöðinni. Til þess þýrfti að afmarka sigdalinn betur með því að fjölga borholum. Hins vegar er ekkert sem mælir gegn því að sigdalurinn sé skýrður með þessum hætti, og útilokar það reyndar ekki að djúplæg tengsl í jarðskorpunni liggi á NV-SA línu frá Laugarnesi í Vífilsfell.

**Tafla 1.** Jarðhitasvæðið í Laugarnesi. Minnsta dýpi á laumontít og epidót.

| Borhola | Dúpi | Laumontít | Epidót | Athugasemd         |
|---------|------|-----------|--------|--------------------|
| RV-1    | 1067 | 222/384   | 615    | * XRD-greint       |
| RV-2    | 660  | 588       | N      | **                 |
| RV-3    | 730  | 171       | N      |                    |
| RV-4    | 2200 | 355       | 700    |                    |
| RV-5    | 740  | 283/349   | N      | ***                |
| RV-6    | 768  | 600       | N      |                    |
| RV-7    | 750  | 366       | N      |                    |
| RV-8    | 1395 | 287/340   | 1280   | XRD-greint         |
| RV-9    | 860  | 188       | N      |                    |
| RV-10   | 1366 | 200/291   | 790    |                    |
| RV-11   | 927  | 362       | N      |                    |
| RV-12   | 1360 | 137/295   | 1220   | XRD-greint         |
| RV-13   | 1463 | 225       | 800    |                    |
| RV-14   | 1026 | 365       | 775    |                    |
| RV-15   | 1014 | 280/310   | N      | Mikið laum. >400 m |
| RV-16   | 1300 | 430       | 820    |                    |
| RV-17   | 634  | 384       | N      |                    |
| RV-18   | 1440 | 351       | 1165   |                    |
| RV-19   | 1239 | um 400    | 1140   |                    |
| RV-20   | 764  | um 300    | N      |                    |
| RV-21   | 797  | 360       | 695    |                    |
| RV-22   | 1583 | 210/240   | 1280   |                    |
| RV-34   | 3085 | 274       | 1000   | XRD-greint         |
| RV-35   | 2857 | 370       | 1300   |                    |
| RV-38   | 1488 | um 200    | 700    |                    |
| RV-40   | 2191 | um 300    | 500    |                    |

\* : Allar dýptartölur í metrum

\*\* N : Táknar að epidót finnst ekki í holunni

\*\*\* : Þar sem tvær dýptartölur eru gefnar vísar sú fyrri til fyrsta funds á laumontíti í svarfi, en sú seinni til næsta funds. (Ath. þó að svarf vantar í RV-1 milli 300 og 384 m).

Mynd 7 sýnir dýpi á laumontít á öllum borsvæðum á Reykjavíkursvæðinu, allt upp til Korpu (hola RV-42). Óneitanlega rekur maður strax augun í það hversu fáar borholur eru utan skilgreindra lághitasvæða. Eins er auðsætt á myndinni að lang grynnst er á laumontít á Laugarnes-svæðinu, sem er í samræmi við talsvert hærri hita þar en á Seltjarnarnesi eða við Elliðaár. Grynnra er á laumontít undir Seltjarnarnesi en við Elliðaár, sem líka er í samræmi við núverandi hita í svæðunum. Álfka djúpt er á laumontít við Korpu og á Seltjarnarnesi, sem er í samræmi við mat Jens Tómassonar (1988) um hækkandi hita norðan við Elliðaárvæðið.

Sé fylgni milli laumontíts og misgengja nú skoðuð blasir við samræmið milli NV-SA læga misgengisins annars vegar og svo A-V læga misgengisins frá Þorsteini Thorsteinssyni (á mynd 3) hins vegar. Misgengin hafa því haft áhrif á lekt á Laugarnessvæðinu á þann hátt að heita vatnið sem laumontít myndaðist úr ( $> 120^{\circ}\text{C}$ ) leitaði upp með misgengjunum. Það gefur vísbendingu um aldur misgengjanna sem opinna vatnsleiðara, en ekki um upphalflegan aldur þeirra.

Sem fyrr segir benda gögn úr holu RV-38 (Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1982, 1987) til þess að Laugarnessvæðið hafi kólnað um einhverja tugi  $^{\circ}\text{C}$  fyrir 10.000 árum. Í holu RV-38 er laumontít yfirprentað af yngri lághitazeóltum á dýptarbilinu frá u.p.b. 200 m niður undir 1000 m dýpi. Í holu RV-40 í Laugardal, sem hvergi nær  $120^{\circ}\text{C}$ , finnast lághitazeóltar allt niður á 1700 m dýpi, líkast til yfirprentaðir á laumontít frá 300 m dýpi niður í 1700 m (Guðmundur Ó. Friðleifsson o.fl., 1985). Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um þróun ummyndunar í öðrum holum og væri þarf verklægilegt að bæta úr því. Gagna um kælinguna ásamt með gögnum um saltmengun út frá dreifingu anhydríts væri t.d. hægt að afla. Til dæmis finnst anhydrit einungis milli 500 og 700 m í holu RV-38, en frá 700 m niður á 1700 m dýpi í holu RV-40. Efri mörkin gefa e.t.v. til kynna dýpið á  $120^{\circ}\text{C}$  jafnhitalínuna þegar kælingin af völdum salts vatns hófst. Fróðlegt væri líka að vita hvort svæðið hefur kólnað samfellt frá því að háhitavirkni ríkti fyrir u.p.b. 2 milljónum ára, eða hvort jarðhitasvæðið kólnaði niður fyrst og hitnaði síðan aftur við tilurð sigdalsins, sem virðist vera yngri en háhitaummyndunin (sjá aftar). Nákvæm ummyndunarrannsókn gæti svarað slískum vangaveltum og aukið skilning á eðli og orsökum lághitavirkninnar.

Dreifing epidóts undir Reykjavík er sýnd á mynd 8. Þar bregður svo við að grynnra er á epidót undir Elliðaánum en Seltjarnarnesi, öfugt við laumontít, og munar allt að því 800 m hve dýpra er á epidót úti á nesi. Bendir það til að jarðhitasaga lághitasvæðanna sé ólík. Jafnframt er grynnra á epidót norðan til á Elliðaásvæðinu en sunnan, sem vísar til gamallar háhitavirkni í norðri (þ.e. í Kjalarnes II eldstöðinni). Sé litið sérstaklega á dreifingu epidóts á Laugarnessvæðinu þá sést engin fylgni milli þess og NV-SA læga misgengisins. Hins vegar mætti með góðum vilja ímynda sér fylgni milli norðlægrar stefnu og epidóts, auk þess sem smá tunga teygir sig til austurs nær samsíða A-V misgengi Þorsteins á mynd 3. Að undanskilinu holu RV-40, sem er talsvert austar en hinum, þá snardýpkar á epidót frá vestri til austurs, og sama virðist vera upp á teningnum til suðurs miðað við holu RV-34 (sem er mjög nærrí stóra misgenginu). Þar sem epidót finnst ekki í holu RV-3 (730 m djúp) er ljóst að 700 m jafndýptarlína myndi lokast til norðurs eða vesturs og ekki fannst epidót í holu RV-6 sem nær 768 m dýpi. Gagnaskortur úr holu H-16 takmarkar mat vestan holu RV-1.

Í ljósi þess sem fyrr var sagt um fylgni milli öskjumisgengja og dýpis á epidót, þ.e. að grynnst sé á epidót yfir öskjurimum, þá virðist nær ógjörningur að koma öskjumisgengi fyrir með norðlægrí stefnu inn á milli hola RV-3 og RV-34. Enginn vafí er hins vegar á því að stórt misgengi er milli holu RV-3 annars vegar og hola RV-4 og RV-34 hins vegar (sbr. mynd 5). Myndin af dreifingu epidóts styður því ekki öskjuhugmynd Hauks Jóhannessonar (1985).

Vitað er að um þúsund metrar hafa rofist ofan af Reykjavíkursvæðinu á seinni hluta ísaldar. Sömu jarðlagasýrpur og finnast í Esju eru til dæmis í berggrunni Reykjavíkur, svo sem síðar verður vikið að. Mörg hundruð metrar af bergi hafa því hulið Reykjavíkursvæðið forðum til þá er háhitavirkni ríkti á núverandi lághitasvæðum (Ingvar B. Friðleifsson, 1985). Á virkum háhitasvæðum finnsta epidót gjarnan á örfárra hundraða metra dýpi. Minnsta dýpi á epidót á Laugarnessvæðinu skv. töflu 1 að viðbættri svo sem hálfrí Esju væri hins vegar nærrí 1 km og

þaðan af meira. Dreifing epidóts gefur því til kynna að lághitasvæðin í Reykjavík séu við suður-jaðar gamla háhitasvæðisins.

Á myndum 9 og 10 eru sýnd tvö NA-SV jarðlaga-, ummyndunar- og hitasnið þvert á ætlaðan sigdal. Lega sniðanna er sýnd á mynd 1. Sniðið á mynd 10 er jafnframt fram lengt til austurs að holu RV-40 við gömlu Þvottalaugarnar. Fyrst er rétt að benda á að öll misgengi eru eldri en Reykjavíkurgrágrýtið og sfökvarteru setlögin undir því. Bæði sniðin gefa mjög svipaða mynd af sigdalnum. Stórt misgengi er á milli RV-3 og RV-4 á mynd 9 og RV-6 og RV-34 á mynd 10. Dyngjuhraunin reyndust haldgöð leiðarlög. Tekið er tillit til A-V misgengis Þorsteins Thorsteinssonar (á mynd 2) við gerð mynda 9 og 10. Hins vegar er lega misgengis á NA-verðu svæðinu ekki eins afdráttarlaus og stóra misgengið vestar. Á mynd 10 virðist t.d. misgengi vera á milli hola RV-5 og RV-13, og jafnframt á milli hola RV-10 og RV-8. Misgengin virðast mynda stalla á móti stóra misgenginu. Með því að fram lengja sniðinu síðan til austurs að holu RV-40 kemur fram sú mynd sem skýrt getur kantfrávikið á flugsegulkortinu frá 1959. Aðalatriðið er það að hraunastafli og grágrýtisdyngja eru undir Laugardalnum neðan Elliðavogsssetlaganna, allt niður á 460 m dýpi, en móbergsmýndun í efstu 200-300 m sniðanna í sigdalnum vestar. Á mynd 10 þarf að taka tillit til suðaustlægs jarðlagahalla upp á 5-10° þar sem sniðlínunni er snúið til austurs. Því þarf annað hvort að gera ráð fyrir að jarðlagamyndanir neðar í holunni, t.d. ísúru löginn á 1,5 km dýpi, þykki innundir Laugardalinn, eða reikna þarf með einu eða fleiri misgengjum með sigi til vesturs milli holu RV-40 og vinnslusvæðisins eins og gefið er til kynna á myndinni. Jafnframt má benda á að jarðlagahalli innan sigspildunnar er sáralstíll ef nokkur, og þá fremur að stóra misgenginu í suðvestlæga átt en ekki frá því til norðvesturs eins og búast mætti við ef stóra misgengið ætti nokkuð skyld við öskjubrot. Fjölgar því enn rökum gegn öskjuhugmyndinni margnefndu.

Neðan 700 m dýpis í vinnslusvæðinu gefa jarðlagagögn ekki eins afdráttarlaus misgengi til kynna og ofar. Ísklegt er að innskot valdi nokkru um misræmi milli hola auk þess sem nákvæmni svarfgreininga kann að hafa minnkað vegna svarfblöndunar. Gögnin ofar úr holunum eru hins vegar svo afdráttarlaus að ekki þarf að fjölyrða frekar um tilveru stóra misgengisins. Til að ákvæða nákvæmlega legu stallamisgengjanna austar á svæðinu þyrfti að beita ýtarlegum samanburðargreiningum á svarfsýnum úr holunum. Ef til síks samanburðar kæmi í framtíðinni væri æskilegt að fá mælingar á geislavirkni úr dýpstum holunum í þeim tilgangi að nýta ísúru lög-in sem leiðarlög. Ekki fæst hins vegar skorið úr um fjölda misgengja milli holu RV-40 og vinnslusvæðisins nema holum verði fjölgat.

Auk jarðlaganna er dreifing laumontíts, epidóts og berghita sýnd á myndum 9 og 10. Samanburður á myndunum sýnir að dýpra er á epidót í sniðinu á mynd 10 en á mynd 9, í samræmi við mynd 8. Laumontít sýnir hins vegar svipað mynstur á báðum myndum. Lega sprungna eða misgengja hefur greinileg áhrif á dreifingu laumontíts, í samræmi við þá vitneskju að laumontít kemur undantekningarálaust fyrir sem sprungufylling efst í holunum. Greinileg fylgni er milli laumontíts og misgengja. Athyglivert er að bera saman dreifingu laumontíts og 120°C jafnhitálínunnar. Sé miðað við að 120°C sé sá lágmarkshiti sem þarf til að laumontít myndist má virða fyrir sér kólnun á lághitasvæðinu. Svæðið hefur alls staðar kólnað frá fyrri tímum, og þar af lang mest við holu RV-14, sem er næst sjó af holunum á vinnslusvæðinu. Er það í samræmi við það álit að kólnunin niður fyrir 120°C hafi orðið tiltölulega seint í sögu jarðhitasvæðisins. Hins vegar er ísklegt að a.m.k. hluti af laumontítinu hafi myndast í tengslum við gamla háhitakerfið ofan við epidótbeltið. Nákvæma ummyndunarrannsókn þarf til að greina á milli þess og laumontítsins sem myndaðist vegna lághitavirkni. Sem stendur eru einungis til gögn úr holum

RV-38 og RV-40 um yngsta laumontítið. Gagnaskortur um yngsta laumontítið í öðrum holum veikir því alla umræðu um nýlegu kælinguna og tímasetningu hennar. Einkum á það við ef kólnunin var ekki samfelld úr háhita í lághita. Gögn úr holum RV-38 og RV-40 (laumontít → anhydrít + leir → skólesít í sömu sprungufyllingum) benda þó til þess að kælingin hafi byrjað nokkuð skyndilega. Hugsanlegt er t.d. að 120°C jafnhitalnán hafi verið næri 700 m dýpi í holu RV-40 (miðað við dreifingu anhydríts, sjá fyrr) er kælingin hófst, en núverandi berghiti er litlu lægri eða 110-115°C frá 800 m niður í 2100 m (Guðmundur Ó. Friðleifsson o.fl., 1985). Hugsanlegt er að kælingin þar hafi því einungis numið 5-10°C og að samanburðurinn sé nothæfur á Laugarnessvæðinu, a.m.k. hvað mismun milli RV-14 og hinna holanna varðar svip-að og í holu RV-40 sem hvergi nær 120°C hita. Hins vegar er rétt að hafa nokkurn fyrirvara um slíkan samanburð á Elliðaár- og Seltjarnarnessvæðunum í tengslum við mynd 11.


Mynd 11 sýnir einfaldað jarðлага-, ummyndunar- og berghitasnið frá austri til vesturs frá Seltjarnarnesi austur í Árbæjarhverfi. Myndin sýnir reglulega lagskiptingu hallandi jarðлага frá vestri til austurs, og skýrir sig í aðalatriðum sjálf. Hún er byggð á öllum tiltækum gögnum af jarðhitasvæðunum, svo sem greint var frá í kafla 3. Gögnin voru samræmd, endurskoðuð og síðan túlkud þar sem gagnaskortur kom til. Til dæmis má nefna að ísúra bergið á Seltjarnarnesi hefur allt verið greint sem fínkorna basalt en ekki basalt-andesít. Tilfinnanlega skortir þar mælingar á geislavirkni í einhverri borholunni til staðfestingar á túlkuninni sem sett er fram á mynd 11 varðandi ísúra jarðlögin.

Túlkunum er hins vegar haldið í lágmarki. Þannig eru ekki sýnd nein misgengi, sem ekki er örugg vissa fyrir, svo sem um stóra misgengið á Laugarnessvæðinu. Ef jarðfræðikort af Esju er skoðað (Ingvar B. Friðleifsson, 1973) má sjá þar fjölmörg stór misgengi sem stefna til Reykjavíkur. Líklegt er að einhver þeirra nái til borgarinnar, sem hefði þau áhrif að jarðlagahalli á mynd 11 minnkaði heldur. Slík misgengi gætu verið lek og er því ekki útlokað að nýtanlegt heitt vatn finnist viðar undir Reykjavík, svo sem í nágrenni Öskjuhlsðar eins og stungið hefur verið upp á. Aðalatriði varðandi jarðlagasniðið á mynd 11 er þó það, að það sýnir einungis einfaldaða mynd af berggrunni Reykjavíkur. Til dæmis um það baði tekið tillit til holu RV-40 í Laugardalnum varðandi grágrýtisdyngjuna og holu H-32 á horni Miklubrautar og Grensásvegar um móbergið yfir dyngjunni (sbr. snið Þorsteins Thorsteinssonar og Jónasar Elíassonar 1970). Dyngjan hins vegar þykknar til norðurs og er yfir 200 m þykk í holu RV-40, líklega frá 230-450 m með innskoti. Þar er dyngjan hulin hraunlagastafla en lítið sem ekkert sést af móbergi svo sem sýnt er á mynd 10. Landslagsáhrifum sem þessum er ekki hægt að koma inn í eitt og sama jarðlagasniðið svo vel sé.


Grágrýtisdyngjan undir Laugardalnum er þannig sýnd á réttum stað í jarðlagastaflanum á mynd 11. Auðsætt er á jarðlagasniðinu hve magn móbergs eykst til austurs. Er það í samræmi við kortlagningu á Esju (Ingvar B. Friðleifsson, 1973). Tenging milli jarðlagasyrpa í Esju og á Seltjarnarnesi var sett fram í skýrslu um höfuðborgarsvæðið (Jens Tómasson o.fl. 1977). Saman tenging er notuð hér og eru tölusettar jarðlagasyrpur eða einingar (E 1 til E 26) úr Esju frá Ingvari sýndar í töfluformi í Viðauka 3. Nokkur Esjunúmer eru jafnframt sett inn á jarðlagasniðið á mynd 11, og fæst gott samræmi milli jarðlagasyrpa í borholunum og í Esju. Til dæmis runnu dyngjuhraun á Esjusvæðinu þegar dyngjan í Laugardalnum var hvað virkust í byrjun eins hlýskeiðs á ísöld. Dyngjan og basaltið ofan við eru tengd við Esjueiningar E14-E16 sem eru öfugt segulmagnaðar frá Matuyama segulskeiðinu, rétt um 2 milljóna ára gamlar. Kemur það vel heim og saman við segulkantfrávikið í Laugardalnum á kortum Hunting Survey Corporation frá 1959, svo sem rætt var í kafla 2.3. Aldur jarðlaganna er gefinn til kynna í Viðauka 3, þar

sem lesa má að berggrunnur Reykjavíkur sé 2,8 til 1,8 milljóna ára gamall.

Einfölduð mynd af ummyndunarbeltum og tveim jafnhitalínum er sýnd á mynd 11 eins og á myndum 9 og 10. Á sama hátt og á myndum 9 og 10 má bera saman  $120^{\circ}\text{C}$  jafnhitalínuna og dýpi á laumontít, og gefur sá samanburður hugmynd um kólnun lághitasvæðanna á Seltjarnarnesi og við Elliðaár, sé gert ráð fyrir sambærilegri kólnunnarsögu og á Laugarnessvæðinu. Kælinguna á Elliðaárvæðinu hefur Jens Tómasson (1988) skýrt með varmanámi. Ef það sama á við um hin svæðin þá gefur mynd 11 tilefni til að ætla að kælingin sé með óliskum hætti á hinum svæðunum. Varðandi Laugarnessvæðið sérstaklega þá hallast ég fremur að því að varmanám myndi að mestu eiga sér stað nær miðju eldstöðvarinnar norðan við Laugarnessvæðið og að jaðrarnir væru á niðurstreymissvæðum, þ.e.a.s. ef skýringin á lághitasvæðunum liggur í varmanámi úr jarðskorpu sem verið hefur í samfeldri hægfara kólnun síðastliðnar 2 milljónir ára. Í þeim skilningi mætti hugsa sér að Laugernessvæðið sjálft væri einungis staðbundið uppstreymissvæði í misgengjagildru sem afmarkar sigdalinn, og heitara en hin svæðin vegna nálægðar við varmagjafann. Elliðaárvæðið gæti þá verið á mörkum uppstreymis og niðurstreymis. Ef skýringin á lághitasvæðunum lægi hins vegar í mun skammlifari og staðbundnari varmanámsfyrirbærum þá mætti t.d. skýra mismun milli svæðanna með betri lekt á Elliðaárvæðinu en á hinum svæðunum. Laugarnessvæðið ætti þá að vera treggæfast í þeim skilningi að því héldist betur á varmanum. Í dag er vinnsluferillinn þó í grófum dráttum sá að einungis er hægt að taka 0,75 (l/s)/m niðurdrátt úr Elliðárvæðinu en 1,5 (l/s)/m niðurdrátt úr Laugernessvæðinu. Hér verður ekki fjölyrt frekar um uppruna og eðli lághitasvæðanna en einungis bent á það að nákvæm skoðun á þróun ummyndunar í svæðunum og samanburður á milli þeirra er eina tiltæka aðferðin til að líta á hitafarssögu fortsðarinnar. Slík athugun hefur ekki verið framkvæmd nema lauslega í tveim borholum á Laugernessvæðinu til þessa, og verða það niðurlagsorð þessarar skýrslu.




Ljósmynd af Reykjavík og nágrenni. (Ljósm. Oddur Sigurðsson).




**Mynd 7.** Dýptarkort af laumontfti í Reykjavík.




**Mynd 8.** Dýptarkort af epidóti í Reykjavík.




Mynd 9. Jarðlagasnið A.




Mynd 9. Hita- og ummyndunarsnið A.



Mynd 10. Jarðlagasnið B.



Mynd 10. Hita- og ummyndunarsnið B.



Mynd 11. Jarðlagasnið C.

## 5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Endurskoðun á jarðfræði- og jarðeðlisfræðigönum af Laugarnessvæðinu sýnir að jarðhitakerfið virðist liggja innan NV-SA sigspildu. Hugmynd þessi er ekki ný en hefur fram til þessa fengið litla umfjöllun. Sigið er mest suðvestan til, um 150 m (myndir 9 og 10). Fylgni er milli lektar og niðurdráttar og stefnu sigspildunnar í þeirri mynd sem hún er sett fram hér. Sigspildan er talin ein af frumorsökum þess að jarðhitasvæðið í Laugarnesi er til í núverandi mynd.

Skarpt kantfrávik á flugsegulkorti frá 1959 liggar um 0,5 km austan við stærsta misgengið. Kantfrávikið má skýra með öfugt segulmögnuðum hraunlögum og innskotum sem eru í efstu 500 m berggrunnsins austan sigspildunnar, auk þess sem gera þarf ráð fyrir einu eða fleiri misgengjum með vestlægu sigi í kantfrávikanu (mynd 10). Í sigspildunni sjálfrí er móberg hins vegar ráðandi berggerð í efstu 200-300 m. Á þessum grundvelli, meðal annars, er ekki fallist á þá hugmynd að stóra misgengið sé öskjubrot eins og stungið hefur verið upp á.

Orsök sigspildu þvert á rískjandi sprungustefnu er ekki unnt að skýra til hlítar á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Einkum er það vegna óvissu um stefnu stærsta misgengisins. Ef stærsta misgengið er framlengt til suðausturs inn í gosbeltið lendir línan í NV-SA móbergshrygg frá síðasta kuldaskeiði ísaldar. Ekki fæst skorið úr því hvort misgengið og móbergið eigi sér sameiginlegan uppruna í sprungu- og veikleikabelti með þessari stefnu í jarðskorpunni. Spildan sem NV-SA móbergshryggirnir við Vífilsfell afmarka er um 4 km breið. Jafnbreið spilda norðuraustur frá stóra misgenginu myndi ná að Viðey (mynd 4).

Ef stefna stóra misgengisins er norðlægari en hér er gefið til kynna þá mætti hugsanlega skýra sigdalinn með hliðstæðum sigdal í virka gosbeltnu norður af Hengli. Sá hlykkjast til norðurs út úr NA-SV sprungubelti rétt suður af Hestvík í Þingvallavatni, og er á breidd á við vinnslusvæðið í Laugarnesi (mynd 6). Ekki er unnt að skera úr um það hvort sigdalurinn í Laugarnessvæðinu sé af svipuðum toga og þyrfti að fjölgja borholum til að ákvarða útlínur sigdalsins betur.

Endurtúlkun á gögnum úr holu RV-40 í Laugardalnum í samhengi við vinnslusvæðið vestar bendir til að grágrytisdyngja liggi undir Laugardalnum á 200-500 m dýpi. Dyngjuhraunin hafa reynst notadrjúg leiðarlög til kortlagningar á misgengjum í berggrunni svæðisins, auk þess sem efsta vatnsæðakerfið (A) er að hluta til í þeim. Dyngjan og hraunlagasyrpan ofan við eru tengdar við Esjueiningar E14 til E16 sem eru öfugt segulmagnaðar frá Matuyama tímabilinu, um 2 milljóna ára gamalar. Segulmögnun í þessum hraunum skýrir kantfrávikið á flugsegulkortinu sem að ofan greinir. Jarðlagahalli er óverulegur innan sigspildunnar, og mælir það gegn öskju-hugmyndinni.

Dýpi á epidót að viðbættu nokkur hundruð metra rofi á síðold benda til að Laugarnessvæðið sé á suðurjaðri megineldstöðvar vel utan hugsanlegs öskjurima en ekki á síliskum rima. Ekki er fylgni milli dreifingar epidóts og NV-læga misgengisins. Hins vegar sést fylgni milli dreifingar laumontíts og misgengja á svæðinu. Gefur það til kynna að norðvestlægu brotin séu virkir vatnsleiðrarar í núverandi lághitakerfi, en jafnframt að brotin séu yngri en gamla háhitakerfið sem epidót myndaðist í.

Samanburður á dýpi á laumontíti og 120°C jafnhitalínu í ljósi ummyndunargagna úr holum RV-38 og RV-40 benda til að nýleg kæling á lághitasvæðinu hafi orðið mest í nágrenni holu RV-14, sem er næst sjó innan vinnslusvæðisins. Kælingin er talin hafa byrjað í lok ísaldar. Þessi kæling er af öðrum toga en sú sem hefur haft seltuaukningu í för með sér samfara vinnslu.

Sú kann að tengjast NA-SV sprungum en verður þó einungis vart í borholum sem eru með vatnsæðar í vatnskerfi A.

Einfölduð mynd af berggrunni Reykjavíkur er sett fram og rædd lauslega í ljósi jarðhitasvæðanna (mynd 11). Móbergsmýndanir sýna áberandi þykknun til austurs. Jarðlagaeiningar eru tengdar við jarðlagaeiningar í Esju og aldur berggrunnsins í Reykjavík metinn út frá þeim. Berggrunnurinn, neðan mislægs grágrytis og setlaga (<200.000 ára), er 2,8 til 1,8 milljóna ára gamall.

## 6. HEIMILDIR

- Árný Erla Sveinbjörnsdóttir og Jens Tómasson, 1984. Seltjarnarnes. Hola SN-05. Jarðlagaskipan og borsaga. Orkustofnun, OS-84091/JHD-41 B.
- Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson og Guðlaugur Hermannsson, 1985. Reykjavík Hola RV-34. Borun og borholurannsóknir. Orkustofnun, OS-85095/JHD-52 B. 124 s.
- Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1982. Reykjavík Hola RG-34. Borun Jarðlög ug Ummynudun. Orkustofnun, OS82034/JHD05 B. 18 s.
- Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1983. Mineralogical evolution of a hydrothermal system. GRC-trans. 7: 147-152.
- Guðmundur Ó. Friðleifsson, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Gísli Guðmundsson og Guðlaugur Hermannsson, 1985. Reykjavík Hola RV-35. Borun og Borholurannsóknir. Orkustofnun, OS-85106/JHD-61 B. 90 s.
- Guðmundur Ó. Friðleifsson, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson og Guðlaugur Hermannsson, 1985. Reykjavík, Hola RV-40. Rannsóknir og tengsl holunnar við aðra hluta Laugarnessvæðisins. Orkustofnun, OS-85023/JHD-06. 46 s.
- Guðmundur Ó. Friðleifsson, 1987. Áhrif ísaldarloka á jarðhitasvæðin í Reykjavík. Ágrip erindis á ráðstefnu Jarðfræðafélags Íslands um Ísaldarlok á Íslandi, sem haldin var 28 apríl 1987.
- Guðmundur E. Sigvaldason, 1966. Bráðabirgðaskýrsla um jarðefnafræðilegar rannsóknir á jarðhitavatni Reykjavíkur. (21 s., 3 töflur, 16 myndir). Vélritað handrit.
- Haukur Jóhannesson, 1985. INNNES, náttúrufar, minjar og landnýting. 3. Jarðfræði Innnesja. Náttúrufræðistofnun Íslands. Staðarvalsnefnd, desember 1985: 17-22.
- Helga Tulinius, Jens Tómasson, Guðlaugur Hermannsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Héðinn Ágústsson og Sigurður Benediktsson, 1984a. Reykjavík, Hola RV-40. Borun frá 36 m í 300 m og steyping 9 5/8" fóðringar. Orkustofnun, OS-84018/JHD-04 B. 17 s.
- Helga Tulinius, Jens Tómasson, Gísli Guðmundsson, Sigurður Benediktsson, Héðinn Ágústsson, 1984b. Reykjavík Hola RV-41. Borun fyrir 13 3/8" fóðringu í 437 m. Orkustofnun, OS-84058/JHD-18 B. 19 s.
- Helga Tulinius, Ómar Bjarki Smárason, Jens Tómasson, Ingvar Birgir Friðleifsson og Guðlaugur Hermannsson, 1986. Hitastigulsboranir árið 1984 á Höfuðborgarsvæði. Holur HS-14 til HS-22. Orkustofnun, OS-86060/JHD-22 B.
- Helga Tulinius, Amanda L. Spencer, Guðmundur Böðvarsson, Hrefna Kristmannsdóttir, Þorsteinn Thorsteinsson og Árný E. Sveinbjörnsdóttir, 1987. Reservoir studies of the Seltjarnarnes Geothermal Field, Iceland. Orkustofnun, OS-87032/JHD-07. 55 s.
- Hitaveita Reykjavíkur, 1988. Selta á Laugarnessvæði. Hitaveita Reykjavíkur - Orkustofnun Jarðhitadeild, 199 s.

- Hrefna Kristmannsdóttir og Jens Tómasson, 1978. Zeolite zones in geothermal areas in Iceland. Natural zeolites. Occurrence, Properties, Use (ed. Sand and Mumpton). Pergamon Press. 277-284.
- Hrefna Kristmannsdóttir, 1983. Breytingar á efnasametningu jarðhitavatns á Seltjarnarnesi á tímabilinu 1970-1983. Orkustofnun, OS-83106/JHD-27 B.
- Hunting Survey Corporation Limited, 1963. Report on the interpretation of an airborne magnetic survey, carried out in September 1959, near Reykjavík, Soutwestern Iceland, for the State Electricity Authority of Iceland. 10 s og óleiðrétt flugsegulkort.
- Ingvar Birgir Friðleifson, 1973. Petrology and structure of the Esja Quatrny Volcanic Region, southwest Iceland. D.Phil. ritgerð, Oxfordháskóli. 208 s.
- Ingvar Birgir Friðleifsson, 1985. Jarðsaga Esju og nágrennis. Árbók Ferðafélags Íslands 1985: 141-172.
- Jens Tómasson og Hrefna Kristmannsdóttir, 1974. Investigation of three low-temperature geothermal areas in Reykjavík and its neighbourhood. Proceedings, International symposium on water-rock interaction: 243-249.
- Jens Tómasson, Ingvar Birgir Friðleifsson og Valgarður Stefánsson, 1975. A Hydrological Model for the Flow of Thermal Water in SW-Iceland with Special Reference to the Reykir and Reykjavík Thermal Areas. Second U.N. Symp. on the Development and Use of Geothermal Resources, San Francisco: 643-648.
- Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Ingvar Birgir Friðleifsson, 1977. Höfuðborgarsvæði. Jarðhitarannsóknir 1965-1973. Orkustofnun, OSJHD 7703. 109 s. og 96 myndir.
- Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson, 1981. Borun G-36 (RV-36). Greinargerð Orkustofnunar JT/PTh-81/01.
- Jens Tómasson, Gísli Guðmundsson, Guðmundur Ó. Friðleifsson, Helga Tulinius og Þorsteinn Thorsteinsson, 1984. Reykjavík Hola RV-40. Borun vinnsluhluta holunnar. Orkustofnun, OS-84035/JHD-10 B. 65 s.
- Jens Tómasson, Helga Tulinius, Ingvar Birgir Friðleifsson, Ómar Bjarki Smárasón og Þorsteinn Thorsteinsson, 1984. Hitastigulsboranir fyrir H.R. árið 1984. Greinargerð Orkustofnunar JT-HTul-IBF-ÓBS-PTh-84/02.
- Jens Tómasson 1988. Elliðaárvæðið. Uppruni og eðli jarðhitans. Orkustofnun, OS-88027/JHD-03.
- Knútur Árnason, Guðmundur Ingi Haraldsson, Gunnar V. Johnsen, Gunnar Þorbergsson, Gylfi Páll Hersir, Kristján Sæmundsson, Lúðvík S. Georgsson og Snorri Páll Snorrason, 1986. Nesjavellir - Jarðfræði- og jarðeðlisfræðileg könnun 1985. Orkustofnun, OS-86014/JHD-02. 125 s.
- Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Guðlaugur Hermannsson, Héðinn Ágústsson og Sigurður Benediktsson 1984a. Reykjavík, Hola RV-39. Borun fyrir 13 3/8" fóðringu. Orkustofnun, OS-84036/JHD-11 B. 83 s.

- Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Einar Gunnlaugsson, Guðlaugur Hermannsson og Héðinn Ágústsson, 1984b. Reykjavík, Hola RV-39. Borun vinnsluhluta frá 495 m í 2100 m. Orkustofnun, OS-84109/JHD-47 B. 36 s.
- Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Þorsteinn Thorsteinsson, Jens Tómasson, Þórir Sveinbjörnsson og Vidgríð Hjaltadóttir, 1985a. Reykjavík. Hola RV-42 við Korpuós. Borun og þrýtiprófun. Orkustofnun, OS-85063/JHD-28 B. 20 s.
- Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Guðlaugur Hermannsson, Gísli Guðmundsson og Héðinn Ágústsson 1985b. Reykjavík hola RV-37. Borun og rannsóknir. Orkustofnun, OS-85109/JHD-63 B.
- Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Guðlaugur Hermannsson og Héðinn Ágústsson, 1985c. Reykjavík, Hola RV-36. Borun og rannsóknir. Orkustofnun, OS-85113/JHD-66 B. 27 s.
- Ómar Bjarki Smárasón, Helga Tulinius, Guðlaugur Hermannsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Jens Tómasson, Vigdís Harðardóttir, 1988. Reykjavík, Hola RV-41, Borholurannsóknir. Orkustofnun, OS-880226/JHD-02.
- OSSI, 1989. Innanhúsfréttir Orkustofnunar. Fornar brotalamir II (FP/SGM). Nr 297. 1989-2-2.
- Snorri Páll Kjaran, 1986. Geothermal Reservoir Engineering Experience in Iceland. Nordic Hydrological Conference, Reykjavík, August 11-13, 1986, 27 s.
- Stefánsson, V. Guðmundsson, Á. and Emmerman, R., 1982. Gamma ray logging in Icelandic rocks. The Log Analyst, XXIII, No.4: 11-16.
- Svanbjörg H. Haraldsdóttir 1984a. Seltjarnarnes, Hola SN-2. Borholumælingar. Orkustofnun, OS-84060/JHD-20 B.
- Svanbjörg H. Haraldsdóttir 1984b. Seltjarnarnes, Hola SN-5. Hitamælingar. Orkustofnun, OS-84061/JHD-21 B.
- Winai Yaowanoiyothin, 1984. Hydrothermal Alteration in Borehole RV-40, Reykjavik, Iceland. UNU Geothermal Training Programme, Iceland. Report 1984-12. 36 s.
- Þorsteinn Thorsteinsson, 1959-1966. Óbirt jarðlagasnið af holum RV-1 til RV-22.
- Þorsteinn Thorsteinsson, 1967. Vatnsborðsmælingar í borholum í Reykjavík og nágrenni 1965-1966. Óbirt handskrifað handrit frá því í apríl 1967. (17 s. og 10 myndir).
- Þorsteinn Thorsteinsson og Jónas Elíasson, 1970. Geohydrology of the Laugarnes Hydrothermal System in Reykjavík, Iceland. Geothermics - Special Issue 2: 1191-1204.
- Trausti Einarsson, 1954. A gravity survey of Iceland. Vísindafélag Íslendinga. no. XXX, 22 s.

## ENGLISH SUMMARY

A detailed geological and structural evaluation of the Laugarnes Geothermal Field in central Reykjavík is presented. Unexpectedly, a NV-SA graben (figs. 1, 2, 3, 4, 5, 6) enveloping the well field was rediscovered a few years ago during an evaluation of the geothermal system in relation to a prominent salinity increase observed in some of the exploited wells. As it turned out, however, this graben had been discussed earlier in an unpublished manuscript by the chief geologist (P. Thorsteinsson, 1967) to whom this report is dedicated. In a publication few years later (P. Thorsteinsson and J. Ólafsson, 1970) a geological model was presented without an emphasis being laid on the graben, yet discussed to a limited extent (see citation p. 8). For an unknown reason this apparent subsidence structure was forgotten for the next two decades, despite the fact that a neat correlation existed between the direction of maximum drawdown of the watertable and the graben (fig. 2).

The Laugarnes geothermal field is the cradle of geothermal exploitation in Iceland and the municipal district heating services, the hitaveitas. The first wells in the field were drilled in 1928-1930, then in 1940 (upto well H-16), and then from 1954-1961 (H-17 to H-34). A much larger drillrig was used from 1958 for deep drilling of wells RV-1 to RV-22 until 1963. Most of the present work is based on the stratigraphy of wells RV-1 to RV-22, in addition to four younger wells, RV-34 (3085 m), RV-35 (2857 m), RV-38 and RV-40 ( see appendix I).

In accordance with the early geological model, three main aquifer systems are distinguished: A) 100-120°C hot at 250-650 m depth, yielding 18% of the water; B) 135°C hot at 730-1250 m depth, yielding 80% of the total, and C) 146 °C hot, below 2 km depth, yielding 2% in 1970 (P. Thorsteinsson and J. Ólafsson, 1970). Artesian flow of hot water was exploited until 1962 while the first downhole pump was sunk in 1959. The initial pressure in the geothermal system was equivalent to a watertable 70 m above sea level but today the water level is about 70 m below sea level during maximum pumping.

A use was made of all available geological data on the Laugarnes field. The data, however, often proved incomplete and called for additional drill-cutting analysis of host rocks and secondary minerals within the Laugarnes field, and to some extent in the Ellidaár field too. Only fragmental data exists from the oldest wells (H-wells) and all drill-cuttings and drill-cores are long lost. Detailed stratigraphic profiles from P. Thorsteinsson are available from wells RV-1 to RV-22, but no written descriptions apart from those already cited. These stratigraphic profiles needed to be reinterpreted, basically though revealing a similar structure as concluded by Thorsteinsson in the manuscript cited above from 1967. A note is made to the first appearance of epidote in Thorsteinsson's profiles, apart from which the only data on the secondary mineralogy is on wells RV-4 and RV-14 (G.E. Sigvaldason, 1966). Progress reports exist on wells RV-34 (Á.E. Sveinbjörnsdóttir et al., 1985) and RV-35 (G.Ó. Friðleifsson et al., 1985). The present author was directly involved in the drillhole research of wells RV-38 (G.Ó. Friðleifsson, 1982) and RV-40 (G.Ó. Friðleifsson et al., 1985; H. Tulinius et al., 1984; J. Tómasson et al., 1984; W. Yanowanoiyothin, 1984). While a further study is needed, the severe lack of data on the secondary mineralogy and its distribution and evolution within the Laugarnes field was met by adding data on the laumontite distribution. The laumontite and epidote distribution is used for evaluation of the structural complex with respect to time and origin.

The Laugarnes field is marginal to a steep positive gravity anomaly and a negative magnetic anomaly, hitherto explained by high intrusive rock intensity and strong negative magnetism of the same intrusives. The geophysical pattern has been explained as reflecting two centres (Kjalarne I and II) of the Kjalarne central volcanic complex, the eastern one succeeding the western (I.B. Friðleifsson, 1973; J. Tómasson et al. 1977), in a similar fashion as the Hveragerði central volcano preceeds the presently active Hengill central volcano. Cone sheet swarms are attached to both centres, in Kjalarne II these are found in Viðey, just north of the Laugarnes field, and in the Þverfell region in Esja north of the bay. The geothermal fields in Reykjavík are marginal to these central volcanic complexes. H. Jóhannesson (1985) considered the southern half of the Kjalarne II complex as a separate one, the Videy central volcano, and proposed a caldera. His opinion was chiefly based on a low-flight airomagnetic survey done by Hunting Survey Coporation in 1959, and on field work in the sparse outcrops of the early Pleistocene rocks within Reykjavík. A caldera fault, however, was not found within these early Pleistocene rocks where it should have been according to his map. He located the Laugarnes field on the other hand at the caldera rim, being aware of a large NW-SA fault with a NE-throw in the wellfield, but chiefly the idea was based on a sharp magnetic contrast on the airomagnetic map from 1959.

